

## Fréttabréf Viðskiptaráðs – 7. nóvember 2008

---

### Afstaða greiðslutryggingarfélaga til íslensks atvinnulífs

Eins og fjallað hefur verið um í fréttabréfi Viðskiptaráðs að undanförunu hafa erlend greiðslutryggingarfélög dregið sig markvisst út úr greiðslufallstryggingum sem tengjast rekstri íslenskra fyrirtækja. Þetta á sérstaklega við um greiðslufallstryggingar á íslenska innflytjendur, en að auki eru félög Íslendinga sem skráð eru erlendis undir smásjá og sum hver ekki tryggð. Hér eru um verulegt hagsmunamál að ræða og nauðsynlegt að þessari þróun verði snúið við.

Vegna þessa heimsótti fulltrúi Viðskiptaráðs, ásamt fulltrúum iðnaðaráðuneytis, íslenskra banka, tryggingarfélaga og CreditInfo, þrjú stærstu félögin á þessum markaði, þ.e. Atradius, Euler Hermes og Coface. Fulltrúar í sendinefnd þessari eru hluti af stærri vinnuhópi sem tekur til banka, íslenskra tryggingarfélaga og Seðlabanka Íslands. Markmið heimsóknarinnar var fjórþætt:

- Að gera grein fyrir almennri stöðu efnahagsmála á Íslandi.
- Skýra stöðu íslenskra fyrirtækja.
- Fá upplýsingar um afstöðu greiðslutryggingarfélaganna til Íslands og íslenskra fyrirtækja.
- Hefja viðræður um með hvaða hætti hægt verður að færa þjónustu greiðslutryggingarfélaganna gagnvart íslenskum hagsmunum í fyrra horf.

Heimsóknin mæltist afar vel fyrir og þökkðu stjórnendur erlendu greiðslutryggingarfélaganna sérstaklega frumkvæðið og vilja íslenskra stjórnvalda og viðskiptalífs til upplýsingar og útskýringar þeim til handa. Fulltrúar allra félaganna lögðu áherslu á að þeim þætti miður að koma hafi þurft til niðurfellingar tryggingar á íslenskri áhættu, en lögðu áherslu á að þetta væri hluti af þróun víða um heim í dag og að Ísland væri ekki eina landið í þessari stöðu. Greiðslutryggingarfélögin væru markvisst að draga úr áhættu sinni í ljósi ótryggs efnahagsástands.

Það kom berlega í ljós hjá fulltrúum tryggingarfélaganna að það er einkum tvennt sem þeir horfa til þegar afstaða til íslenskra fyrirtækja verður endurmetin:

1. Kerfislæg áhætta (þ.e. staða efnahagslífs) sem fyrirtæki búa við á Íslandi.
2. Upplýsingar um raunstöðu þeirra íslensku fyrirtækja sem tryggingar ná til (eiginfjár- og lausafjárstöðu).

Það er því ljóst að ekki er hægt að búast við að miklar breytingar verði á afstöðu erlendu tryggingarfélaganna fyrr en efnahagspakki IMF liggur fyrir og er farinn að hafa áhrif. Forsenda endurmats er afnám gjaldeyrishafta og hnökralaus greiðslumiðlun við önnur lönd. Í ljósi erlendarar skuldsetningar íslenskra fyrirtækja ræður gengi krónunnar miklu um eiginfjárstöðu þeirra. Vegna þess horfa tryggingarfélögin einnig mjög til gengis krónunnar, sem verður að ná stöðugleika og styrkjast.

Eftir að stöðugleika hefur verið náð og meiri vissa verður um framtíðarumhverfi rekstrar íslenskra fyrirtækja munu tryggingarfélögin horfa á hvert fyrirtæki fyrir sig. Þá er forsenda þess að áhætta sé borin að góðar upplýsingar liggi fyrir um rekstur viðkomandi fyrirtækis. Nauðsynlegt er að snarlega verði brugðist við og fyrirtæki skili þegar útistandandi árskýrslum og helst árshlutauppgjörum þar sem það á við.

Á næstu dögum og vikum mun Viðskiptaráð, í samstarfi við fyrrnefndan vinnuhóp, tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um framgang mála á Íslandi berist Atradius, Euler Hermes og Coface (og mögulega öðrum félögum). Í því sambandi er nauðsynlegt að sem fyrst skýrist með hvaða hætti IMF komi að stuðningi við íslenskt efnahagslíf.

### **Engar greiðslufallstryggingar án upplýsinga**

Í ljósi þeirrar miklu áherslu sem erlend greiðslutryggingarfélög leggja á að fá áreiðanlegar upplýsingar um rekstur íslenskra fyrirtækja er rétt að hnykkja á því við félag Viðskiptaráðs að tímanlega sé staðið að skilum á rekstrarupplýsingum. Í október síðastliðnum höfðu 12% íslenskra fyrirtækja skilað ársreikning fyrir árið 2007 til RSK, en þeim skilum átti að vera lokið hjá öllum í ágúst. Þau fyrirtæki sem byggja rekstur sinn að miklu leyti á þjónustu greiðslutryggingarfélaganna (hvort sem er óbeint, hjá innflytjendum, eða beint hjá útflytjendum) geta ekki gert ráð fyrir að fá slíka þjónustu nema ítarlegar upplýsingar liggi fyrir.

Greiðslutryggingarfélögin erlendu fá upplýsingar um íslensk fyrirtæki í gegnum upplýsingaveitur á borð við Credit Info sem fær upplýsingarnar eftir öðrum leiðum. Þó má einnig benda á þann möguleika að viðskiptabankar íslenskra fyrirtækja veita greiðslutryggingarfélögum upplýsingar um efnahags og lausfjárstöðu, þar sem viðskiptabankar búa oft yfir nákvæmum upplýsingum um stöðu viðskiptavina. Þetta verður þó að sjálfsögðu ekki gert nema að gefnu samþykki viðkomandi fyrirtækis.

### **Gjaldeyrismál**

Staðan á gjaldeyrismarkaði er lítið breytt og er temprun gjaldeyrísútflæðis Seðlabanka enn við lýði.

Viðskiptabankarnir þrír geta þar af leiðandi ekki afgreitt erlendar greiðslur nema í samræmi við tilmæli Seðlabanka. Sparisjóðabankinn býr þó enn að greiðslumiðlunarkerfi sem virkar í nær öllum myntum.

Þrátt fyrir ákveðna erfiðleika í erlendri greiðslumiðlun eru mörg dæmi um að fyrirtæki hafi fundið leiðir sem virka ágætlega. Viðskiptaráð óskar hér með eftir upplýsingum um góða reynslu aðildarfélaga sinna í þessum efnum. Markmiðið er svo að koma árangursríkum aðferðum á framfæri við aðra sem geta nýtt sér þær. Vinsamlegast hafið samband við ráðið í síma 510-7100 eða með því að senda póst á [dsd@vi.is](mailto:dsd@vi.is).

### **Uppfært upplýsingaskjal um stöðu mála**

Upplýsingaskjal handa erlendum aðilum, "The Icelandic Economic Situation: Status Report" hefur nú verið uppfært. Í nýjustu útgáfunni er m.a. að finna tímalínu fjármálakrísunnar og ítarlegri upplýsingar um neyðarlögin og starfsemi skilanevnda bankanna. Uppástungur um viðbætur og/eða úrbætur eru vel þegnar.

Skjalið má nálgast [hér](#).